

**Ed. 511. Frumvarp til laga**

um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 375 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Um skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

10. gr. hljóðar svo:

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum stjórna kjörstjórnir. Í hverjum kaupstað og hreppi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, kjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda kaupstaðarins eða hreppsins, og jafnmarga til vara. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnnum í forföllum aðalmanna eftir sömu reglum og þegar um kjörstjórnir við kosningar til Alþingis er að ræða, og á sama hátt skal fylla tölu kjörstjórnar, ef varamenn eru ekki fyrir hendi.

20. gr. hljóðar svo:

Kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar á sama hátt sem kjörstjórnir við kosningar til Alþingis.